



Starfsleyfi fyrir HB Granda, upphaflega útgefið til handa Salar Islandica ehf., fyrir fiskeldi í Fáskrúðsfirði

Kt. 550500-3370

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1. Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir HB Granda, kt. 541185-0389 til framleiðslu á þorski í Fáskrúðsfirði. Stöðin var áður í eigu Salar Islandica ehf., kt. 550500-3370 sem starfsleyfi þetta var upphaflega útgefið fyrir.

HB Grandi er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstri stöðvarinnar getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999

1.2. Umfang starfseminnar

Heimilt er að framleiða allt að 3000 tonn af þorski á ári. Starfsleyfið er bundið við rekstur stöðvarinnar á þremur tilgreindum staðsetningum í Fáskrúðsfirði, um 250-300 metra frá landi, með tveggja kílómetra fjarlægð milli staðsetninga. Rekstraraðili skal tilkynna endanlega staðsetningu sjókvía til Sjósmælinga Íslands.

Staðsetning 1

64°54,44'N og 13°56,20' V

Staðsetning 2

64°54,15'N og 13°51,55' V

Staðsetning 3

64°55,10'N og 13°51,85' V

1.3. Umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim.

1.4. Mengunarvarnir

Beita skal bestu fánlegu tækni við mengunarvarnir fyrir starfsemina eins og hún er skilgreind í reglugerð 785/1999 og nánar er lýst í norrænni skýrslu um bestu fánlegu tækni fyrir fiskeldi. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir).

1.5. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær.

1.6. Stöðvun rekstrar

Verði rekstri hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, tækjum og efnum í samræmi við fyrirfram gerða áætlun. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal skila til Umhverfisstofnunar og annarra hlutaðeigandi eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku starfsleyfisins. Vinna skal samkvæmt neyðaráætlun, sbr. ákvæði greinar 4.5, um meðhöndlun eldisfisksins ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Tilkynna skal eftirlitsaðila strax um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lúandi.

1.7. Gangsetning rekstrar

Tilkynna skal eftirlitsaðila um að fiskeldisstöðin hafi verið tekinn í notkun aftur ef starfsemin hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.8. Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni skal rekstraraðili, í samráði við Umhverfisstofnun, hrinda í framkvæmd áætlun um að draga úr mengun. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðun starfsleyfis sbr. 21. gr. reglugerðarinnar. Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar.

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

2.1. Eldisvatn og eldisbúnaður

Rekstraraðila ber sjálfum að sjá til þess að gæði eldisvatnsins uppfylli kröfur til fiskeldis. Skal það gert með takmörkunum á eigin losun og hæfilegri fjarlægð frá annarri mengandi starfsemi og byggð. Verði vart uppsöfnunar mengandi efna undir kvíunum skal rekstraraðili tilkynna Umhverfisstofnun það þegar í stað.

Rekstraraðili skal nota sjóeldiskvíar og nætur í hæsta viðurkenda gæðaflokki og með hámarksstyrk sem þróaður hefur verið fyrir starfsemina. Gengið skal tryggilega frá botnfestingum.

2.2. Flutningur eldiskvía vegna uppsöfnunar fóðurleifa

Til að hindra að uppsöfnun fóðurleifa hafi áhrif á heilbrigði eldisstofnsins og umhverfið er rekstraraðila heimilt að flytja eldiskvíarnar til á svæðinu. Sama á við ef þörf krefur vegna hvers kyns yfirvofandi hættu fyrir búnað eða eldisfisk.

2.3. Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Að öðrum kosti skal lífrænn úrgangur fluttur til viðurkendrar eyðingar eða urðunar. Ganga skal frá honum í þétt lokuð ílát eða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Þrifa skal ílátin/gámana eftir notkun. Spilliefnum og lyfjaleifum skal komið til viðurkendrar spilliefnamóttöku.

2.4. Umgengni um mengandi efni

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Á öllu athafnasvæði stöðvarinnar skal gæta fyllsta hreinlætis í samræmi við kröfur eftirlitsaðila.

2.5. Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að stöðinni. Verja skal eldiskvíar gegn marglyttum eftir því sem unnt er.

3. INNRA EFTIRLIT FYRIRTÆKISINS OG VÖKTUN

3.1. Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

- veðurfarsþætti (hitastig og úrkomu á nálægri veðurathugunarstöð)
- framleiðslumagn og afföll
- fódurnotkun og fódurgerð,
- magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notuð voru á árinu
- kvartanir vegna starfseminnar

3.2. Búnaður til sýnatöku

Auðvelt skal vera að koma fyrir búnaði til sýnatöku í viðtaka og í eldiskvíum.

3.3. Sýnataka úr viðtaka

Rekstraraðili, eða aðili á hans vegum sem Umhverfisstofnun samþykkir, skal áður en starfsemi hefst láta taka sýni úr viðtaka til greiningar á mengandi efnum til síðari samanburðar. Sýnataka skal endurtekin á þriggja ára fresti. Niðurstöður mælinga á heildar fosfór, heildar köfnunarefni, COD, BOD eða TOC skulu liggja fyrir 1. mars þriðja hvert ár, í fyrsta skipti 1. mars 2006. Auk þess skal taka árlega sýni á sömu stöðum til mælinga á svifögnum. Sýni eru greind á kostnað fyrirtækisins. Hafa skal samráð við vöktunareiningu Framkvæmda- og eftirlitssviðs Umhverfisstofnunar við gerð og framkvæmd vöktunaráætlunar. Gera skal grein fyrir þessum upplýsingum í grænu bókhaldi fyrirtækisins.

3.4. Eftirlit með eldisbúnaði

Rekstraraðili skal fylgjast með ástandi eldisbúnaðar og tryggja að fiskur sleppi ekki út. Reglulega skal yfirfara nætur og botnfestingar. Skal það gert með neðansjávarmyndavélum eða köfun.

3.5. Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. mars ár hvert. Í yfirlitinu skal koma fram niðurstöður mælinga og skráninga sbr. gr. 3.1 og 3.3.

3.6. Grænt bókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald sbr. reglugerð nr. 851/2002, um grænt bókhald. Fyrsta bókhaldsár þorskeldis Salar Islandica í Fáskrúðsfirði er árið 2005, og fyrsti skiladagur er 1. maí 2006. Þar sem um er að ræða mikið til sömu upplýsingar og krafist er samkvæmt gr. 3.5, er rekstraraðila heimilt að skila þessum upplýsingum í einni heildarskýrslu fyrir 1. mars ár hvert.

4. STARFSHÆTTIR

4.1. Starfshættir

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Í því felst að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofnsins og aðgerðir til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum stöðvarinnar, m.a. með góðum starfsaðferðum við fódrun og notkun efna og lyfja svo og að draga úr losun þessara efna út í umhverfið. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

Rekstraraðili skal gera eftirlitsaðila grein fyrir á hvern hátt beitt er góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar.

4.2. Samráðsfundur

Rekstraraðili skal á fjögurra ára fresti boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar á samráðsfund til að undirbúa endurskoðun starfsleyfis. Þessir aðilar geta þó boðið oftari til samráðsfundar ef ástæða þykir til. Á samráðsfundum verði m.a. rætt um rekstur eldisstöðvarinnar, endurskoðun vöktunaráætlunar, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kunna að hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til að ræða.

4.3. Viðbragðsáætlanir

Rekstraraðili skal útbúa viðbragðsáætlanir til þess að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar. Tryggja skal að starfsfólk hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4.4. Tilkynning vegna mengunarslysa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.3, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Slík atvik skal tilkynna til eftirlitsaðila sem metur hvort þörf sé frekari aðgerða. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um tilfelli þar sem hætta er á bráðamengun.

4.5. Neyðaráætlun

Útbúa skal neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri.

4.6. Umhverfi

Halda skal athafnasvæði fyrirtækisins snyrtilegu. Aðgangur að eldisstöðinni skal vera takmarkaður. Fara skal þannig með allan úrgang við flutning, endurnýtingu, förgun eða aðra meðferð að tryggt sé að hann valdi hvergi óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða.

4.7. Eftirlit og fleira

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila. Verði gert samkomulag um yfirtöku eftirlits samkvæmt 9. grein reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit, flyst það til viðkomandi aðila undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar.

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga og fá til þess aðila sem Umhverfisstofnun samþykkir.

Viðbragðsáætlun vegna hugsanlegrar bráðamengunar og neyðaráætlun vegna óvæntrar stöðvunar rekstrar skulu sendar Umhverfisstofnun fyrir 1. desember n.k.

Eintak af starfsleyfi þessu skal ávallt tiltækt á eldisstað.

5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 3. flokk skv. fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá eftirlitsaðila. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða rökstuddra kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

6. GILDISTAKA.

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir til 1. júlí 2017.

Reykjavík 14. júní 2005

Umhverfisstofnun


Kristín Linda Arnadóttir


Gunnlaug Einarsdóttir

